prentarinn

1.34.2014

MÁLGAGN FÉLAGS BÓKAGERÐARMANNA

prentarinn
MÁLGAGN FÉLAGS BÓKAGERÐARMANNA
1.34.2014

RITNEFND PRENTARANS:
Anna Helgadóttir, ritstjóri og ábyrgðarmaður.
Hrönn Jónsdóttir
Jakob Viðar Guðmundsson
Þorkell S. Hilmarsson

Ábendingar og óskir lesenda um efni í blaðið eru vel þegnar.

LETURGERÐIR Í PRENTARANUM:
Fairfield LH
Avenir

UMBROT OG HÖNNUN:
Oddi ehf.

PRENTUN:
Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja

Efnisyfirlit

2 Nýsveinar
3 Hækkun launa er félagsmönnum efst í huga
4 Látnir félagar
5 Dagur íslensks prentiðnaðar
6 JAM-hópurinn
7 100% aukning
8 Jafnréttissinni vs femínisti
12 Bridgemót FBM
12 Skákmót FBM
13 Ný heiti orlofshúsa félagsins í Miðdal
14 Orlofshús í Ölfusborgum endurbætt
15 Vel hærðir
16 Golfmót FBM
17 Nýtt orlofshús í Miðdal
18 Prentsmiðjueintök
20 Knattspyrnumóts FBM 2014
21 Jólakaffi eldri félaga
21 Jólaball FBM
22 Fjölskylduhátíð FBM og Miðdalsfélagsins
22 Vinnudagurinn í Miðdal
23 59,1% bókatitla prentað á Íslandi
24 IPEX 2014
27 Verðlaunakrossgáta
29 Á skáldaslóðir

Forsíðuna að þessu sinni á Inga Lilja Einarsdóttir nemi í Litróf en hún hlaut 1. verðlaun í verðlaunasamkeppni um forsíðu Prentarans.

Hjörtur Guðnason, formaður sveinsprófsnefndar, Helena Stefánsdóttir, Prentmeti, Daði Már Jónsson, Pixel, Sigurrós Hallgrímsdóttir, Ísafoldarprentsmiðju, Björg Gunnarsdóttir, Svansprenti, Sigrún Júnía Magnúsdóttir, Héraðsprenti, Ester Magnúsdóttir, Námsgagnastofnun, Ingunn Róbertsdóttir, Árvakri, Jenný Björk Guðnadóttir, Svansprenti, Tinna Gunnarsdóttir, Prentsmiðjunni Odda, Helgi Óskar Víkingsson, Árvakri og Margrét Káradóttir, Ásprenti/Stíl.

Nýsveinar

Sveinspróf í bókiðngreinum fóru fram 2.-3. júní sl. Að þessu sinni útskrifuðust engir nemar úr prentun og bókbandi, en 11 þreyttu próf í prentsmíði, þau Helena Stefánsdóttir, Daði Már Jónsson, Sigurrós Hallgrímsdóttir, Björg Gunnarsdóttir, Sigrún Júnía Magnúsdóttir, Ester Magnúsdóttir, Ingunn Róbersdóttir, Jenný Börk Guðnadóttir, Tinna Gunnarsdóttir, Helgi Óskar Víkingsson og Margrét Káradóttir.

Það er skemmst frá því að segja að öll stóðust þau prófið með glæsibrag.

Afhending sveinsprófsskírteina

Afhending prófskírteina fór fram í húsnæði IÐUNNAR, föstudaginn 19. júní sl. Félag bókagerðarmanna og Samtök iðnaðarins buðu til móttöku af því tilefni. Ingi Rafn Ólafsson sviðsstjóri prenttæknisviðs IÐUNNAR fræðsluseturs flutti stutt ávarp fyrir hönd FBM og SÍ

Hjörtur Guðnason, formaður sveinsprófsnefndar afhenti síðan útskriftarnemum sveinsbréf sín fyrir hönd sveinsprófsnefndar.

Viðurkenningu fyrir bestan árangur á sveinsprófi fékk Margrét Káradóttir, nemi hjá Ásprenti/Stíl.

Ingi Rafn Ólafsson sviðsstjóri prenttæknisviðs afhenti síðan nýsveinunum gjafabréf á námskeið að eigin vali frá IÐUNNI fræðslusetri.

Að lokinni afhendingu bréfa nutu gestir veitinga í boði FBM og SÍ.

Hækkun launa er félagsmönnum efst í huga

GEORG PÁLL SKÚLASON

Félag bókagerðarmanna lét gera kjarakönnun í október sl. og niðurstaða hennar hefur verið kynnt og send til allra félagsmanna. Þátttaka var 55,5% eða 359 af 647, sem telst ágæt á ýmsa mælikvarða, en þegar þátttakendur flokkast í mörg störf er okkur vandi á höndum því ef fjöldi í hóp nær ekki 7 einstaklingum er ekki hægt að birta niðurstöður og þess vegna falla nokkrir hópar í vaktavinnu niður í könnuninni í ár.

Hluti af könnuninni var undirbúningur fyrir komandi kjarasamninga en samningar félagsins renna sitt skeið 28. febrúar 2015. Í niðurstöðum þegar spurt var um kjarasamning FBM og Samtaka atvinnulífsins kemur afgerandi fram að félagsmenn leggja megináherslu á kauphækkun í komandi kjarasamningum og að meirihluti þátttakenda er óánægður með núverandi kjarasamning hvað launahækkunina varðar. Ef rifjað er upp hvernig atkvæðagreiðsla um kjarasamningi FBM og SA frá 21. desember 2013 fór, þá var mjótt á mununum en samningurinn var samþykkur með 49,8% atkvæða gegn 48,7%.

Eitt af meginmarkmiðum kjarasamninganna var að skapa forsendur fyrir stöðugleika sem gengið hefur eftir og um þessar mundir er verðbólga í sögulegu lágmarki eða 0,8% miðað við desember 2014. Það hefur hins vegar ekki verið sami taktur varðandi launahækkanir þeirra hópa sem sömdu á eftir ASÍ félögunum og eðlilega kalla aðilar eftir leiðréttingum á sínum kjörum.

Þegar spurt var um hvað FBM ætti að leggja mestu áherslu á gagnvart Samtökum atvinnulífsins í næstu samningum sögðu 67% hækkun launa, 15,5% nefndu styttingu vinnutímans og 8,3% lögðu áherslu á atvinnuöryggi. Helstu áherslur gagnvart stjórnvöldum nefndu 24,9% þátttakenda hækkun persónuafsláttar, 17,6% lækkun skattprósentu á laun og 14,2% vaxtamál (þ.m.t. verðtrygging).

Hörð átök framundan

Nú þegar liggur fyrir að Samtök atvinnulífsins hafa hafnað því í viðræðum við samninganefnd ASÍ að leggja fram tilboð um launahækkun sem komi til móts við þann mun sem ríkir milli ASÍ hópsins og annarra hópa sem samið hafa á árinu 2014. Því má búast við því að það þurfi átök til að knýja fram launahækkanir.

Ríkisstjórnin virðir verkalýðshreyfinguna að vettugi

Samþykkt fjárlaga á Alþingi er köld tuska í andlit launafólks. Hækkun matarskatts ber þar hæst og afar óljósar mótvægisaðgerðir koma almennu launafólki síst til góða þar sem hækkun á matarskatti kemur verst við þá tekjulægstu. Hækkun virðisaukaskatts á bækur úr 7% í 11% getur valdið óbætanlegum skaða á íslenskri bókaútgáfu en nær væri að fella niður virðisaukaskatt á bóka- og annarri útgáfu líkt og margar þjóðir í Evrópu gera til að auka lestur, efla menningu og varðveislu tungumálsins.

Með styttingu á bótatíma atvinnulausra er ráðist á þá sem veikast standa á vinnumarkaði.

Ríkisvaldið greiðir ekki umsamið framlag til Starfsendurhæfingarsjóðs og dregur þannig úr möguleikum fólks til þess að komast aftur á vinnumarkað og til virkrar þátttöku í samfélaginu eftir erfið veikindi eða slys.

Hótun stjórnvalda um að fella niður framlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða vofir yfir sem skerðir getu þeirra til greiðslu ellilífeyris.

Kostnaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu er sífellt aukinn.

Framlög til úrbóta í húsnæðismálum eru ekki aukin, hvorki í almenna húsnæðiskerfinu né til uppbyggingar félagslegs húsnæðis þrátt fyrir fullyrðingar um annað.

Möguleikar fólks á vinnumarkaði til að sækja nám í framhaldsskólum eru skertir verulega. Framlag til framhaldsfræðslu fyrir fólk með litla formlega menntun er einnig skert umtalsvert og ekki er fallið frá skerðingum á framlögum til iðn- og verknáms.

Atvinnuleysi félagsmanna

Þrjátíu félagsmenn, eða 3,8% af virkum félagsmönnum, eru í atvinnuleit en jafnframt hefur borið á uppsögnum nú í haust hjá Prentsmiðjunni Odda og Hvíta húsinu. Því má búast við að félagsmönnum í atvinnuleit fjölgi á fyrstu mánuðum næsta árs. Mikilvægt er að vekja athygli á því að félagið veitir félagsmönnum í atvinnuleit hærri styrki til að sækja sér menntun til að auka atvinnumöguleika viðkomandi.

Að lokum óska ég félagsmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

18. desember 2014
Georg Páll Skúlason

Látnir félagar

Jón Trausti Daníelsson prentari,
f. 26. mars 1954.
Varð félagi 9. ágúst 1983. Hóf nám í Prentsmiðju Björns Jónssonar á Akureyri 1973, vann ýmis störf í bygginga- og járnavinnu og við rafsuðu frá 1977 – 1983. Nám í Iðskólanum á Akureyri og í Reykjavík. Sveinspróf í prentun 28. maí 1982, meistararéttindi í prentun 4. nóvember 1988. Eftir nám starfaði hann í Prentsmiðjunni Odda 1983-1985. Verkstjóri í Prentsmiðju Árna Valdemarssonar 1985-1989, í Prentstofu G. Ben. 1990-1994, í Prentstofu G. Ben.-Eddu 1994-1996 og Prentsmiðjunni Grafík 1996-2002. Aftur í Prentsmiðjunni Odda 2002-2008, er hann lét af störfum vegna veikinda. Jón Trausti lést 17. desember 2013.

Esther Óskarsdóttir,
f. 3. júní 1935.
Varð félagi 1. september 1956. Esther starfaði við aðstoðarstörf í bókbandi í Sveinabókbandi og Prentsmiðjunni Odda frá 1956 til starfsloka. Esther lést 10. mars 2014.

Geir Þórðarson bókbandsmeistari,
f. 21. október 1926.
Varð félagi 22. október 1946. Hóf nám í Ísafold 22. október 1942 og lauk námi þar 22. október 1946. Nám í Iðnskólanum í Reykjavík, brottfararpróf 1946. Starfaði í Ísafoldarprentsmiðju frá 1940 til 1962. Verkstjóri í Hilmi hf. og síðar Frjálsri fjölmiðlun frá júní 1962, þar til í september 1994 að hann lét af störfum vegna aldurs. Geir lést 9. apríl 2014.

Birgir Sigurðsson prentari
f. 11. janúar 1927.
Varð félagi 8. september 1947. Hóf nám í Ísafoldarprentsmiðju 1. apríl 1943. Sveinspróf 15. maí 1947. Setjari í Ísafoldarprentsmiðju og síðar vélsetjari til 15. september 1963, í Prentsmiðjunni Hólum til 1971, í Ingólfsprenti til 1974 og Skákprenti til 1994, er hann lét af störfum vegna aldurs. Birgir var gjaldkeri Byggingarsamvinnufélags prentara 1956 og trúnaðarmaður HÍP í Ísafoldarprentsmiðju nokkur ár. Ritstjóri Tímaritsins Skák 1949-1950 og ritstjóri og útgefandi þess 1954-1962. Birgir lést 22. apríl 2014.

Baldur Sigurðsson,
f. 2. ágúst 1923.
Varð félagi 16. septemer 1970. Stundaði nám við Héraðsskólann á Laugum í Reykjadal 1939-1940 og 1940-1941. Starfsmaður hjá SÍS 1956-1961. Árið 1961 hóf hann störf í Prentsmiðjunni Eddu sf., fyrst í birgðageymslu og var síðan aðstoðarmaður við prentun dagblaða. Varð starfsmaður hjá Blaðaprenti sf. er það tók við prentun dagblaðanna og allt til þess að fyrirtækið hætti starfsemi. Við sömu störf hjá Prentsmiðjunni Odda til ársloka 1993, er hann hætti störfum vegna aldurs. Baldur lést 2. ágúst 2014.

Forsíðusamkeppni Prentarans

Prentarinn efndi til keppni um forsíðu Prentarans. Fjölmargar tillögur bárust og valdi dómnefnd þrjár forsíður og prýðir vinningstillagan Prentarann að þessu sinni en hana á Inga Lilja Einarsdóttir, nemi í Litrófi. Tillögur sem höfnuðu í 2.-3. sæti áttu Guðmundur H. Ásmundsson prentsmiður í Lifrófi og Jón Ingiberg Jósteinsson grafískur hönnuður og munu þær prýða annarsvegar Ársskýrslu FBM og hinsvegar Prentarann 2015.

Ritnefnd þakkar öllum fyrir þátttökuna.

Taktu 6. febrúar frá!

Dagur íslensks prentiðnaðar

Þann 6. febrúar n.k. munu IÐAN fræðslusetur, Félag bókagerðarmanna og Samtök iðnaðarins, standa sameiginlega að degi íslensks prentiðnaðar, P-deginum. Á þessum degi ætlar starfsfólk í prentiðnaði að hittast í Vatnagörðum 20 (nýju húsnæði IÐUNNAR) og fræðast og skemmta sér saman. Undirbúningur er þegar hafinn og send hefur verið út könnun á netfangalista FBM og einnig á stjórnendalista SI varðandi dagskrá dagsins. Skipuleg fræðsludagskrá verður unnin í samræmi við óskir félagsmanna. Stuttar kynningar verða í kennslustofum á 1. hæð. Dagskráin er í stórum dráttum eftirfarandi:
Kl. 15-18 ör-fyrirlestrar og ör-námskeið, hver viðburður er ekki lengri en 30 mínútur.
Kl. 18-20 skemmtun og tónlist og léttar veitingar.

JAM-hópurinn

Jakob Viðar Guðmundsson

Þann 2. maí sl. var opnuð í Þjóðarbókhlöðunni samnorræn bókbandssýning en þetta er farandsýning, sem fer um öll Norðurlönd. Sýningin byrjaði í „Den Sorte Diamant“ í Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn 2. október 2013.

Löng hefð er fyrir því á Norðurlöndunum fjórum, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi, að bókbindarar keppi í listbókbandi á nokkurra ára fresti. Þetta hófst árið 1956 og Norðmenn sáu um fyrstu keppnina og fyrsta sýningin var haldin í Ósló það ár. Síðan fóru sýningarnar á milli höfuðborga landanna og þannig gekk þetta koll af kolli næstu áratugina. Stundum liðu tvö ár á milli keppna, en oftast þrjú eða fjögur.

Í byrjun voru Íslendingar ekki með hinum Norðurlöndunum í þessum keppnum. Fjarlægðin hefur sjálfsagt haft sitt að segja, en einnig að samskipti minnkuðu töluvert við Danmörku á 6. áratugnum. Íslendingar tóku ekki þátt í norrænum bókbandskeppnum fyrr en árið 1979 og það voru þeir Hilmar Einarsson bókbindari og forvörður í Morkinskinnu og Ragnar Gylfi Einarsson sem riðu á vaðið, en 1987 tók Ragnar einnig þátt auk Sigurþórs Sigurðssonar og unnu þeir þá báðir á bókbandsstofu Landsbókasafnsins.

JAM hópurinn skipuleggur þátttöku okkar í sýningunni, en hann var stofnaður 1. október 1989 eftir námskeið í listbókbandi, sem haldið var á vegum Félags bókagerðarmanna í Iðnskólanum í Reykjavík. Dönsku bókbindararnir Arne Möller Pedersen og Jakob Lund voru þar leiðbeinendur. Hópurinn nefndi sig síðan eftir upphafsstöfum nafna þeirra. Þetta var mikil

lyftistöng fyrir bókbandsfagið og varð til þess að sex bókbindarar tóku þátt í norrænu keppninni árið eftir. Síðan varð hlé á norrænum sýningum í 14 ár og segja má að kynslóðaskipti hafi orðið í faginu. Árið 1998 var ákveðið að freista þess að endurvekja þetta norræna samstarf og 2001 var gengið frá reglum um nýja tilhögun norrænna bókbandssýninga. Sérstök dómnefnd valinkunnra manna dæmir bókbandið og velur 25% bókanna í sérstakan heiðursflokk.

Fyrsta keppnin eftir þessum nýju reglum fór fram 2005 og voru þátttakendur 81, þar af 14 frá Íslandi. Keppnin er haldin 4. hvert ár. Að þessu sinni eru þátttakendur 80, þar af 13 Íslendingar og fá tveir þeirra heiðursviðurkenningu, þau Hrefna Ársælsdóttir og Ragnar Gylfi Einarsson. Ein frændþjóð hefur bæst við, en Færeyingar sýna nú verk í fyrsta sinn.

Sýningin fór héðan til Gautaborgar í Svíþjóð og opnaði þar í október.

Hluti verka á sýningunni.

Ingi Rafn Ólafsson sviðstjóri prenttæknisviðs í tölvuveri Iðunnar.

100% aukning

Jakob Viðar Guðmundsson

Á vormánuðum flutti IÐAN fræðslusetur í nýtt húsnæði að Vatnagörðum 20. Eins og flestir vita var Prenttæknistofnun eitt þeirra fræðslufyrirtækja sem stofnaði IÐUNA á sínum tíma.

Prentarinn kíkti í nýja húsnæðið og tók Ingi Rafn Ólafsson sviðsstjóri prenttæknisviðs á móti okkur og sýndi okkur. Hann greindi blaðamanni frá því að talsverðan tíma hafi tekið að finna hentugt húsnæði sem hentaði starfsemi allra sviða IÐUNNAR. Í húsinu eru suðu- og bílaverkstæði ásamt góðri kennsluaðstöðu og fullkominni tölvustofu. Þar hefur verið fjárfest í 11 iMac tölvum með Adobe Creative Cloud.

Eftir að hafa gengið þarna um sali og skoðað aðstöðuna, sem er öll hin glæsilegasta, settumst við Ingi Rafn niður og röbbuðum stuttlega saman. Þegar ég innti hann eftir þátttöku á námskeiðum kom fram, að aðsókn að námskeiðunum jókst um rúmlega 100% milli ára á síðasta ári. Þetta er ótrúleg tala, en sýnir að starfsfólk í prentiðnði þyrstir í fræðslu. Hann tók fram að námskeið hjá IÐUNNI eru all verulega niðurgreidd fyrir félaga í FBM.

Á næstu önn verða allmörg ný námskeið auk þess sem gamlir kunningjar verða til staðar. Námsvísirinn kemur út um miðjan janúar og þá er um að gera að skrá sig á námskeið.

Aðstaða til fyrirlestrahalds er til fyrirmyndar.

Aðrar greinar hafa einnig komið sér upp góðri aðstöðu. Hér má sjá hvernig bílgreinarnar hafa hreiðrað um sig.

Malmö Arena höllin þar sem flestir fyrirlestrar fóru fram.

Jafnréttissinni vs femínisti

Eru þetta andstæður?

Hrönn Jónsdóttir
Anna Helgadóttir

Nordiskt Forum

Flestir segjast sammála því að jafnrétti skuli ríkja á milli kynja og að kynin eigi að hafa sömu tækifæri, en þeim fer fækkandi sem eru tilbúnir að viðurkenna að þeir séu femínistar.
Hvers vegna er jafnréttisbaráttan aðeins kennd við annað kynið? Hvers vegna er talað um hversu margar konur urðu fórnalömb kynbundins ofbeldis en ekki hversu margir karlmenn beittu kynbundnu ofbeldi?
Er jafnvægi með kynjunum á vinnumarkaði?

Þetta eru stórar spurningar, en þó aðeins hluti þeirra spurninga sem reynt var að svara á ráðstefnunni Nordiskt Forum – New Action on Women's Rights, sem haldin var í Malmö í Svíþjóð dagana 12. - 15. júní 2014. Þetta er þriðja norræna ráðstefnan um réttindi kvenna og jafnrétti, sú fyrsta var haldin í Ósló árið 1988 og sú næsta í Åbo (Turku á finnsku) árið 1994. Í ár mættu um 20.000 konur og karlar til Malmö að ræða

jafnrétti kynjanna og hvernig megi bæta stöðu kvenna, ekki bara á Norðurlöndunum, heldur í heiminum öllum. Um 300 gestir sóttu ráðstefnuna frá Íslandi, um 5% ráðstefnugesta, auðvitað hlutfallslega flestir ef miðað er við höfðatölu. Fyrir hönd stjórnar FBM sóttu ráðstefnuna þær Anna Helgadóttir og Hrönn Jónsdóttir og átta félagskonur fengu styrk frá félaginu, en boðnir voru 10 styrkir að upphæð 100.000 kr. hver til að sækja ráðstefnuna.

Að ráðstefnunni stóðu 200 samtök kvenna á öllum Norðurlöndum í gegnum regnhlífasamtökin, þ.e.a.s Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands, Kvinderådet í Danmörku, Nytkis Kvonnoorganisationer i samarbete frá Finnlandi, FOKUS og Krissentersekretariatet í Noregi og Svergies Kvinnolobby í Svíþjóð.

Ráðstefnan fór fram í Malmö Arena og var aðstaða og utanumhald til fyrirmyndar, auk stóra fyrirlestrasalarins þá voru tíu minni rými, en ávallt var einhver dagskrá í gangi í einhverju þeirra. Þá var einnig stórt sýningarsvæði í hliðarhöll þar sem flest aðildarfélaganna að ráðstefnunni voru með bása og kynntu starfsemi sína, þá voru þar einnig örfyrirlestrar í opnu rými. Rúmlega helmingur fyrirlestra fór fram á norðurlandamálum og réðst af framburði þess sem talaði hvort hægt væri að skilja þá og ekki var hægt að fá túlkun á þessum fyrirlestrum. Af nægu var þó að taka, enda listinn langur hvað varðar ógnir við mannréttindi og jafnrétti kynjanna.

Íslenskar konur áberandi

Opnunarhátíðin fór fram að kvöldi fyrsta ráðstefnudags og hápunktur kvöldsins var tvímælalaust ræða frú Vigdísar Finnbogadóttur, sem var heiðursgestur ráðstefnunnar. Vigdís kom

Tvær félagskonur í góðum félagsskap á bás Kvenréttindafélags Íslands, þær Álfhildur Jónsdóttir og Sigríður Auðunsdóttir, ásamt frú Vigdísi Finnbogadóttur.

Frá opnunarhátíð ráðstefnunnar.

meðal annars inn á það hugrekki sem íslendingar sýndu þegar þeir kusu konu forseta Íslands árið 1980, fyrsta allra kvenna í heiminum til að verða lýðræðislega kosin forseti þjóðar sinnar. Það varð strax ljóst þegar Vigdís steig í ræðustól hversu gríðarlega mikils metin hún er á Norðurlöndum og hversu mikillar virðingar hún nýtur. Íslensku gestirnir fundu fyrir miklu stolti þegar hún flutti ræðu sína, sem hún hlaut mikið lófaklapp fyrir.

Íslenskar konur úr öllum þáttum þjóðlífsins tóku þátt í pallborðsumræðum þar sem kröfur kvennahreyfingarinnar til norrænna ríkisstjórna voru ákveðnar, má þar nefna m.a. Guðrúnu Jónsdóttur, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Maríönnu Traustadóttur, Þorgerði Einarsdóttur, Þóru Arnþórsdóttur o.fl. Kvenréttindafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands settu upp stóra sýningu um sögu íslenskra kvennabaráttu í hundrað ár. Sú sýning mun jafnvel fara um landið árið 2015, þegar því verður fagnað að 100 ár eru liðin síðan allar konur á Íslandi, 40 ára og eldri, fengu kosningarétt.

Umræðan um femínista er jafnréttisumræða – ekki hatursumræða

Þegar talað er um að einhver sé femínisti vill oft skapast sú umræða að viðkomandi sé eingöngu að tala fyrir því hvernig konur eigi að öðlast meiri réttindi og jafnvel að þær eigi að njóta forréttindi að hinu og þessu. Orðið femínisti virðist hafa fengið á sig ranga mynd í umræðum á netinu og eins í almennri umræðu. Karlar jafnt sem konur geta verið femínistar en kannski væri rétt að taka upp annað orð, sem öllum þætti þægilegt að nota og gæti nýst til að mynda jafnvægi á milli kynjanna.

Megin áhersla flestra fyrirlesara var á það hvernig kynin geti náð árangri saman í stað þess að fara í fylkingum og vinna hvort gegn hinu.

Einn fyrirlesara á ráðstefnunni var Jackson Katz, bandarískur femínisti, kunnur andstæðingur þeirra, aðallega karla, sem berjast gegn réttindum kvenna og sérfræðingur um kynbundið ofbeldi, fjölmiðla og karlmennskuímyndir. Hann kom inn á marga góða punkta og þar á meðal að ofbeldi gagnvart konum er ekki kvenlægt vandamál heldur karllægt þar sem gerendur ofbeldisins eru yfirleitt karlar. Hann talaði einnig um að þegar jafnrétti kynjanna væri rætt, væri eins og að um kvenlægt

Átta af þeim níu félagskonum FBM sem sóttu ráðstefnuna hittust eina kvöldstund og áttu saman skemmtilegt kvöld: Linda Guðlaugsdóttir Birtingi, Hrönn Jónsdóttir Umslagi, Nína Guðmundsdóttir Odda, Kolbrún Guðmundsdóttir Ísafoldarprentsmiðju, Álfhildur Jónsdóttir Henson, Sigríður Auðunsdóttir Ísafoldarprentsmiðju, Anna Helgadóttir Odda og Guðný Þórarinsdóttir Birtingi.

Skemmtidagskrá var á vegum borgarstjórnar Malmö í Folketsparken, lystigarði í borginni.

vandamál væri að ræða. Út í hött væri að setja slík vandamál á ábyrgð kvenna þar sem gerendurnir væru karlar, það væri jafn fáránlegt og að kenna almennum launamanni um efnhagshrunið í stað fjármagnseigenda.

Katz sagðist sjaldan hafa lært jafn mikið og þegar hann hlýddi á samtal tveggja femínista, hvítrar konu og svartrar þegar þær ræddu um systralagið. Hvíta konan taldi að allar konur ættu svo mikið sameiginlegt að þær gætu staðið saman í baráttu sinni sem ein heild. Svarta konan var efins og spurði þá hvítu: „Hvað sérð þú þegar þú lítur í spegil?" Hvíta konan svaraði: „Nú, ég sé auðvitað konu." „Jæja," sagði hin, „einmitt, ég sé aftur á móti svarta konu."

Þannig skilgreindi kyn hvítu konuna en kyn og kynþáttur svörtu konuna. Katz, sem er hvítur karl, sagðist horfa í spegil og sjá manneskju. Hvorki kyn né kynþáttur skilgreinir hann. Katz er normið.

Staða kvenna á vinnumarkaði

Árið 2012 voru um 26% kvenna á íslenskum vinnumarkaði í hlutastarfi en aðeins 6% karla [1]. Þá kom einnig fram í fyrirlestri danskrar stjórnmálakonu, Johanne Schmidt-Nielsen, að í Danmörku nýttu konur um 90% af þeim tíma sem tekinn var í fæðingarorlof. Auk þess er launamunur kynjanna enn staðreynd á íslenskum vinnumarkaði, en samkvæmt launakönnun FBM frá 2013 mældist kynbundinn launamunur á bilinu 6,2%

til 18,3%[2], sem er nokkuð svipað og er á hinum Norðurlöndunum (7-19%). Þó þessi tala sé svipuð segir það ekki að slíkt eigi að viðgangast, enda hefur ekkert sýnt eða sannað að vinna kvenna sé verðminni en karla. Eigi að síður eru Íslendingar brautryðjendur að því er varðar jafnlaunavottun fyrirtækja sem VR hefur sett á laggirnar og mættu fleiri fyrirtæki taka það framfaraskref, enda fá fyrirtæki á Íslandi sem vilja fá þann stimpil að þau greiði konum lægri laun en körlum.

Undirboð á vinnuafli

Flest allir sem eru vinnufærir vilja fara út á almennan vinnumarkað og bjóða fram vinnuafl sitt til að bæta lífsskilyrði sín. Margir eru um lykilstöður og samkeppnin oft hörð og flestir eru reiðubúnir að fórna miklu til að öðlast frama. Í gegnum árin hefur heimilishald oftast verið á ábyrgð kvenna, en hvað verður ef þær ákveða að sækja út á vinnumarkaðinn af miklu kappi og jafnvel makinn líka? Hver á þá að sjá um heimilishald og annast daglegan rekstur heimilisins?

Það er meira um það á Íslandi en við höfum tölur um, að fólk ráði til sín fólk, jafnvel af erlendu bergi brotið, oftast konur, til að koma inn á heimilið til að þrífa þar sem viðkomandi hefur ekki tíma til að sinna slíku. Þetta er oft á tíðum harðduglegt fólk sem er tilbúið að vinna fyrir mun lægri laun en almennt tíðkast á vinnumarkaði og án allra þeirra réttinda sem ávinnast við að vera á almennum vinnumarkaði, veikinda- eða orlofréttindi, hvað þá starfsmenntasjóð eða annað til að bæta lífsskilyrði þeirra. Í grein Drífu Snædal, framkvæmdastjóra Starfsgreinasambands Íslands, kemur hún vel inn á stöðuna í þessum málum á Íslandi[3]. Í lok greinar spyr hún mikillar samviskuspurningar varðandi þetta mál: „Er samviska þín jafn hrein og heimilið eftir aðkeypt þrif?“

Sextíu og þrjár kröfur í tólf flokkum

Í lok ráðstefnunnar voru gefnar út 63 kröfur í tólf flokkum þar sem lögð er áhersla á hvernig megi nálgast betra jafnvægi á milli kynja. Fimm helstu kröfur ráðstefnunnar til Norðurlandanna eru:

- Samtök kvennahreyfinga skulu fjármagnaðar á sama hátt og önnur samtök til að jafnrétti verði náð.
- Kynjasjónarmið skulu vera grundvöllur fjárveitinga til borga og sveitarfélaga jafnt í efnahagsmálum sem í ákvarðanatöku þeirra.
- Brottvísun kvenna af erlendu bergi brotnu úr landi eftir ofbeldi maka skal stöðvuð, fórnarlömb mansals skuli fá vernd og aðstoð.
- Atvinnulífið skal taka tillit til samþættingar fjölskyldu og atvinnulífs. Tryggja skal rétt starfsmanna til að vinna fulla vinnu í ótryggum starfsgreinum.
- Stjórnvöld skulu stuðla að því að konur taki öflugan þátt í aðgerðum og ákvarðanatöku í umhverfismálum, til að tryggja sjálfbæra þróun.

[1] Samkvæmt könnun NIKK, Nordic information on gender. www.nikk.no / http://www.nikk.no/en/facts/nordic-overview/statistics-and-facts/labour-market/ Sótt 10. des. 2014

[2] http://fbm.is/images/stories/skoda_pdf/kjarakonnun%202013/kjarakonnun2013.pdf

[3] http://www.sgs.is/er-skitur-i-thinum-hornum/

Lokaathöfn ráðstefnunnar var glæsileg.

Bridgemót FBM

Rúnar Gunnarsson og Ísak Örn Sigurðsson sigruðu í árlegri tvímenningskeppni FBM sem haldin var sunnudaginn 13. desember sl.

Fimm pör mættu til leiks. Keppt var um rétt til þátttöku á bridgehátíð Bridgesambands Íslands.

Í fyrsta sæti urðu Rúnar Gunnarsson og Ísak Örn Sigurðsson með 67 stig, í öðru sæti Sæmundur Árnason og Burkni Dómaldsson með 63 stig og í þriðja sæti Sigurður Sigurjónsson og Guðmundur Sigurjónsson með 57 stig. Spilastjóri var Rúnar Gunnarsson.

Verðlaunahafar Burkni, Sæmundur, Ísak, Rúnar, Sigurður og Guðmundur.

Skákmót FBM

Árlegt skákmót FBM var haldið sunnudaginn 23. nóvember. Sex þátttakendur mættu til leiks. Eggert Ísólfsson sigraði á mótinu með 9 vinninga af 10 mögulegum. Í öðru sæti varð Georg Páll Skúlason með 8 vinninga og í þriðja sæti var Haraldur Haraldsson með 6 vinninga. Tefldar voru 5 mínútna skákir, allir við alla, tvöföld umferð.

Eggert Ísólfsson, Haraldur Haraldsson, Theodór J. Guðmundsson og Kolbeinn Már Guðjónsson

Ný heiti orlofshúsa félagsins í Miðdal

Samkvæmt tillögu sem samþykkt var á aðalfundi FBM 2014 efndi Félag bókagerðarmanna til samkeppni um heiti á orlofshús félagsins í Miðdal, en þau hafa hingað til verið kölluð hús 1, 2 o.s.frv. Samkeppnin var auglýst á vef félagsins og einnig var auglýsing send á vinnustaði í byrjun október en skilafrestur rann út 1. nóvember.

Góð þátttaka var og alls bárust 12 tillögur sem ýmist voru heildstæðar eða stakar tillögur.

Sérstök dómnefnd var skipuð og fór hún yfir tillögurnar. Nefndina skipuðu þau Örn Úlfar Sævarsson, Hrönn Jónsdóttir, Þorkell Svarfdal Hilmarsson og Ágúst Jakobsson.

Dómnefndin valdi síðan eftirfarandi tillögu:

Hús 1, sem er fyrsta orlofshús sem HÍP reisti í Miðdal og blasir við frá þjóðveginum, fær nafnið **Gutenberg** sem einskonar höfðingi í dalnum. Heiti hinna húsanna tengjast höfðingjanum og tengjast um leið prenti og bókaiðnaði.

Alda Jenný höfundur verðlaunatillögunnar og Hrönn Jónsdóttir sem afhenti henni verðlaunin.

Hús 1 – **Rúnaberg**
Hús 2 – **Leturberg**
Hús 6 – **Stafaberg**
Hús 7 – **Litaberg**
Nýtt hús (í byggingu) – **Rúnaberg**
Nýtt hús – **Myndberg**
Þjónustumiðstöðin heitir hér eftir **Setberg**.

Verðlaunatillöguna átti Alda Jenný Rögnvaldsdóttir grafískur hönnuður og að launum fékk hún árskort fyrir fjölskylduna í Fontana á Laugarvatni og helgargistingu í orlofshúsi félagsins í Miðdal.

Hús nr. 1
Gutenberg

Hús 2
Leturberg

Hús nr. 6
Stafaberg

Hús 7
Litaberg

Nýtt hús
Rúnaberg

Húsið er orðið allt hið glæsilegasta, og hér má sjá sólstofuna sem reist var við húsið.

Orlofshús í Ölfusborgum endurbætt

Orlofshús FBM og FMA nr. 13 í Ölfusborgum hefur gengið í gegnum miklar endurbætur og verið endurnýjað að innan. Jafnframt er komin sólstofa við húsið og stærri sólpallur.

Í húsinu eru nú tvö svefnherbergi með rúmum í fullri stærð og tvíbreið ásamt því að koja er í öðru herberginu. Þannig eru áfram svefnstæði fyrir 6 manns. Þá hefur sólstofan sem er stækkun um 12 m² á húsinu veruleg aukin þægindi í för með sér.

FBM hvetur félagsmenn til að nýta þennan hugulega orlofskost sem gengið hefur í endurnýjun lífdaga en félagið hefur átt húsið í Ölfusborgum frá byggingu byggðarinnar þegar Bókbindarafélag Íslands eitt af forverum FBM var meðal frumbyggja í Ölfusborgum. Á aðalfundi FBM sl. vor var ákveðið að selja Félagi málmiðnaðarmanna á Akureyri helmingshlut í húsinu og verður húsið leigt með fyrirkomulaginu fyrstur bókar fyrstur fær í vetur. Næstu sumur verður vikum skipt á milli félaganna í úthlutun.

Formenn félaganna, Georg Páll Skúlason og Jóhann Rúnar Sigurðsson, við sameiginlegt skilti orlofshússins í Ölfusborgum.

Nýtt samkomutjald

FBM hefur fest kaup á nýju samkomutjaldi í Miðdal. Það er 92m² fm að stærð og er hið glæsilegasta. Með því voru einnig keypt borð og stólar.

Tjaldið verður til útleigu yfir sumarmánuðina og hentar vel fyrir ættarmót, fyrirtækjasamkomur og fleira.

Vel hærðir

Jakob Viðar Guðmundsson

Ísafoldarprentsmiðju þekkja allir og vita þar er fagfólk fram í fingurgóma. Það eru hins vegar ekki allir sem vita að í Ísafold fer ýmislegt annað fram en bara prentverk. Þegar dimmir og í skjóli myrkurs, koma fram úr fylgsnum sínum fjórir starfsmenn og stilla saman strengi sína og spila rokk og þetta er magnaðasta rokkhljómsveit innan prentiðnaðarins og þótt víðar væri leitað. Þeir kalla sig Vel hærðir og þegar þeir koma fram eru þeir vissulega vel hærðir.

Til að fá nánari upplýsingar um þessa ágætu hljómsveit talaði ég við annan gítarleikara sveitarinnar, Halldór Viðar Jakobsson, og spurði hann fyrst hvernig þetta hefði byrjað allt saman. Hljómsveitina skipa auk hans Bergur Árni Einarsson sem spilar á trommur, Marinó Önundarson sem spilar á bassa og Lárus Óskar Lárusson sem spilar á gítar og syngur.

HV: Þetta byrjaði á októberfesti sem var haldið í júlí hjá einum starfsmanni Ísafoldar, þetta var bara svona gítarpartý og við mættum með hárkollur og vorum eitthvað að fíflast og Pétur Marel félagi okkar kom með þetta nafn. Svo í framhaldinu byrjaði Marinó hjá Ísafold og hann spilar á bassa og þá vantaði okkur bara trommara, svo að Begga var skipað að fara inn á Bland og kaupa sér trommusett. Hann hafði aldrei snert trommusett áður en þarna var þá hljómsveitin komin. Við fengum aðstöðu í prentsmiðjunni og byrjuðum að æfa. Fyrst bara í hádeginu en svo vatt þetta uppá sig og við fórum að hljóma eins og hljómsveit.

Og hafið þið verið að spila víðar?

HV: Við spiluðum í vinnustaðapartýjum og svo á árshátíðinni og vegna gríðarlegrar eftirspurnar höfum við spilað á pöbbum og víðar, en í engri jarðarför samt.

Nú sömduð þið og spiluðuð Mottumarslagið 2013. Segðu okkur frá því.

HV: Félagi hans Begga, sem var framkvæmdastjóri Mottumars á þeim tíma, hafði heyrt af okkur og hafði samband og spurði hvort við ættum einhver frumsamin lög, sem við að sjálfsögðu áttum og hann fékk að heyra nokkur og valdi þetta lag sem honum leist mjög vel á og í framhaldinu fórum við í stúdíó og tókum lagið upp. Síðan var gert myndband sem aðrir léku reyndar í.

Eru einhverjar frekari upptökur á döfinni?

HV: Já, okkur stendur til boða að fara í stúdíó núna á næstu dögum og taka upp meira frumsamið efni.

Semið þið allt efnið saman?

HV: Eitthvað semjum við saman en svo hefur Lárus verið duglegur við að taka upp hugmyndir heima hjá sér og komið með á æfingar og við höfum unnið út frá þeim.

En hafið þið einhvern tíma til að vinna?

HV: Óneitanlega slítur vinnan hjómsveitarstarfið óþarflega mikið í sundur.

Sýna vinnuveitendur ykkar skilning á þessu?

Þeir sýna okkur ómetanlegan skilning, en það er nú bara vegna þess að þeir vilja að við spilum í afmælunum þeirra.

Eruð þið með umboðsmann?

HV: Þar sem hann Bjarki Logason kann ekki einu sinni að spila á þríhorn, þá fékk hann það verðuga verkefni að vera umboðsmaður og hann sér um öryggismál hljómsveitarinnar, þ.e.a.s. lífvarðagæslu og þess háttar, auk þess sem hann er einnig fjölmiðlafulltrúi okkar.

Einhversstaðar heyrði ég að þið væruð ekkert svo vel hærðir. Er það rétt?

HV: Ég væri að ljúga að þér ef ég segðist vera með hnausþykkt hár, en t.d. Lalli, hann er svo nauðasköllóttur að hárkollan hans er meira segja orðin þunnhærð.

Er eitthvað spilerí framundan og hvar geta áhugasamir fengið að heyra í ykkur?

HV: Við spilum alltaf öðru hverju og það er hægt að fylgjast með því inn á facebook síðunni okkar, sem er undir Vel hærðir á facebook, og svo erum við líka á youtube.

Viltu segja eitthvað að lokum?

HV: Já við viljum bara hvetja fólk til þess að læra prentverk, svo það geti í framtíðinni sagt að það kunni það sama og við, þegar við verðum orðnir heimsfrægir.

Halldór Viðar Jakobsson, Marinó Önundarson, Bergur Árni Einarsson og Lárus Óskar Lárusson, en þeir skipa hljómsveitina Vel hærðir.

Tryggvi Rúnarsson meistari FBM í golfi

Miðdalsmótið, golfmót Félags bókagerðarmanna fór fram á golfvelli Dalbúa í Miðdal 9. ágúst í frábæru veðri. Þetta var í nítjánda sinn sem mótið er haldið í Miðdal. 22 þátttakendur mættu til leiks.

Keppt var skv. punktakerfi með forgjöf. Einnig var keppt í höggleik án forgjafar um Postillonbikarinn. Eftir kaffiveitingar var keppendum raðað á teiga og hófst mótið kl. 11 undir stjórn Eiríks Þorlákssonar dómara og Georgs Páls Skúlasonar. Allir þátttakendur fengu teiggjöf sem var golfboltar frá FBM í forprentuðum nafnamerktum golfboltakössum frá Hvítlist.

Hvítlist var aðalstuðningsaðili mótsins sem endranær en Fontana, gufubaðið á Laugarvatni gaf einnig verðlaun. Færum við stuðningsaðilum bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Tryggvi Rúnarsson kom sá og sigraði. Sigraði punktakeppnina með 35 punktum, höggleikinn á 86 höggum og varð Púttmeistari með 28 pútt!

Fyrstu verðlaun í punktakeppni með forgjöf hlaut Tryggvi Rúnarsson Meistari FBM með 35 punkta, í öðru sæti varð Vilberg Sigtryggsson með 28 punkta og í þriðja sæti varð Kristján S. Kristjánsson með 27 punkta. Skv. reglum mótsins geta aðeins félagsmenn FBM hlotið verðlaun í punktakeppninni en gestir geta unnið önnur verðlaun.

Postillon bikarinn, fyrstu verðlaun án forgjafar vann Tryggvi Rúnarsson á 86 höggum, í öðru sæti varð Vilberg Sigtryggsson á 94 höggum og í þriðja sæti varð Sigurður Marvin Guðmundsson á 95 höggum.

Í þetta sinn keppti engin kona í mótinu.

Púttmeistari varð Tryggvi Rúnarsson með 28 pútt og betra skor á seinni 9 en Hreinn Ómar Sigtryggsson sem var einnig með 28 pútt.

Lengsta teighögg á gulum teigum 3./12. braut átti Arnar Olsen Richardsson.

Lengsta teighögg á rauðum teigum á 3./12. braut átti Sæmundur Árnason.

Næst holu á 5./14. braut var Sigurður Marvin Guðmundsson, 3,01 m.

Næst holu á 8./17. braut var Snæbjörn Stefánsson, 11,80 m.

Auk þess var dregið úr skorkortum. Í mótslok, var boðið var upp á léttar veitingar sem þátttakendur nutu eftir frábæran og skemmtilegan keppnisdag.

Veðrið lék við þátttakendur í golfmótinu og Miðdalurinn skartaði sínu fegursta.

Sigurður Marvin Guðmundsson, Tryggvi Rúnarsson og Kristján S. Kristjánsson.

Nýtt orlofshús í Miðdal

Nýtt orlofshús er nú í smíðum á vegum Félags bókagerðarmanna í Miðdal og er það staðsett á flötinni fyrir neðan hús nr. 1, þar sem gamla tjaldsvæðið var hér á árum áður. Húsið verður hið glæsilegasta í alla staði, 88m² að stærð auk þess verður við húsið 12 m² gufubað og að sjálfsögðu heitur pottur. Framkvæmdir hafa gengið ágætlega en ekki er ljóst hvenær það verður tilbúið til útleigu, en vonast er til að það verði fljótlega á árinu 2015. Með tilkomu þessa húss verða því 5 hús til útleigu í Miðdal næsta sumar, en nýting orlofshúsanna hefur verið mjög góð bæði yfir sumartímann og eins um helgar yfir vetrarmánuðina.



Prentsmiðjueintök

Svanur Jóhannesson, bókbindari og heiðursfélagi FBM tekinn tali

Anna Helgadóttir

Svanur Jóhannesson bókbindari og heiðursfélagi FBM varð 85 ára 23. september sl. Af því tilefni opnaði hann sýninguna *Prentsmiðjueintök – prentsaga Íslands* í Bókasafni Hveragerðis og var hún opin fram í nóvember. Sýningin verður sett upp í Landsbókasafni Íslands snemma árs 2015.

Svanur hefur í mörg ár safnað bókum frá flestum prentsmiðjum landsins til okkar dags, eitt eintak frá hverri prentsmiðju. Þessar bækur eru nú orðnar á annað hundrað talsins, og sumar þeirra mjög gamlar. Svanur hefur verið mjög virkur á samfélagsmiðlinum Facebook og sett þar inn gríðarlegt magn mynda og upplýsinga um prentsmiðjueigendur og prentgripi.

Samhliða söfnuninni tók Svanur saman upplýsingar um prentsmiðjurnar, eigendur þeirra og prentsmiðjueintökin og gaf út á bók. Hún heitir Prentsmiðjueintök - Prentsmiðjusaga Íslands, 192 bls. að stærð með 600 myndum og kom hún út um leið og sýningin opnaði.

Hvernig kom það til að þú byrjaðir að safna prentsmiðjueintökum?

Eins og segir í formála bókarinnar kom hugmyndin fram þegar við Stefán Ögmundsson vorum saman í bókasafnsnefnd FBM, eftir að það var stofnað 1980. Þá talaði hann oft um það

Svanur bíður gesti velkomna við opnun sýningarinnar.

við mig að það gæti verið gaman að safna einni bók frá hverri prentsmiðju landsins. En það varð aldrei neitt úr þessu hjá okkur Stefáni að við færum að safna skipulega prentsmiðjueintökum. Það var ekki fyrr en hann var fallinn frá að ég fór að huga betur að þessu og kíkja aftan á titilblöð bóka í fornbókaverslunum og fór síðan að kaupa eina og eina bók. Mér varð strax nokkuð ágengt og var kominn með heila hillu af bókum sem ég raðaði í eftir aldri prentsmiðjanna. Ég hugsaði oft um það af hverju ég væri að þessu og ég held að ástæðurnar hafi verið margar. Fyrst og fremst var þetta söfnunarárátta eins og menn fá stundum – en þar að auki þá hafði ég yndi af bókum, bæði að handfjatla þær og sjá hvað þær eru mismunandi í útliti.

Hvenær byrjaðir þú að safna eintökum frá prentsmiðjum?

Ég held að það hafi verið rétt fyrir aldamótin 2000 sem ég fór að safna þessu skipulega. Þetta datt svo niður hjá mér þegar ég flutti austur í Hveragerði 2005. Þá lét ég frá mér 24 kassa af bókum til fornbókasala, því ég flutti í minni íbúð fyrir austan. Ég geymdi samt elstu bækurnar af prentsmiðjueintökunum. Síðan tók ég upp þráðinn aftur árið 2013 eftir að ég fór að birta titilsíður bóka á Facebook.

Átt þú eintök af bókum frá öllum prentsmiðjum sem hafa verið starfræktar?

Nei, það á ég ekki því safnið byggist bara á bókum sem ég hef getað aflað mér. Frá þessu er sagt í eftirmála bókarinnar. Það voru þó nokkuð margar prentsmiðjur stofnaðar sem prentuðu eingöngu ýmiskonar blöð. Dæmi um þetta er t.d. Prentsmiðjan Skuld, sem Jón Ólafsson ritstjóri og skáld stofnaði á Eskifirði. Blaðið Skuld er þó með í mínu safni, en það er eiginlega eina dæmið og undantekningin sem sannar regluna. Ég hef ekki kannað hvað það eru margar prentsmiðjur sem hafa prentað eingöngu blöð og ýmislegt smáprent, en engar bækur.

Veistu hvað þú átt margar bækur?

Sæmundur Árnason, Svanur Jóhannesson og Georg Páll Skúlason, við opnun sýningarinnar.

Nei, það veit ég ekki. Það er ekkert mjög mikið. Ég er ekki dæmigerður bókasafnari.

Ég veit það er erfitt að gera upp á milli barnanna sinna, en hvaða bók er í mestu metum hjá þér?

Ætli það sé ekki ljóðasafn föður míns sem kom út í tveimur bindum og hann gaf mér á jólunum 1949. Ég batt það inn í eina bók, rautt skinnband og hefur það verið með fyrstu bókunum sem ég handgyllti, nýbyrjaður að læra bókband. Þessi bók hefur verið mikið notuð en bandið hefur bara dugað vel þó það sé farið að sjá töluvert á því að utan.

Nú varst þú með sýningu á bókunum þínum í Bókasafni Hveragerðis, hvernig gekk hún og hvað er framhaldið hjá þér varðandi sýninguna?

Sýningin gekk bara vel held ég. Við opnuðum hana 27. september á laugardegi í vikunni sem ég varð 85 ára. Það var svona aukatilefni sýningarinnar. Nú, þetta var líka liður í verkefninu „Bókabæirnir austanfjalls“, en það var sett í gang sama dag á Selfossi. Þar kemur Hveragerði mjög sterkt inn sem frægasta skáldanýlenda þjóðarinnar. 1. október kom Egill Helgason í heimsókn og sýndi síðan frá sýningunni í hinum vinsæla þætti sínum „Kiljunni“. Það var þó nokkur aðsókn á sýninguna og komu m.a. nokkrir bókasafnarar úr Reykjavík til að skoða og einn daginn kom Richard Booth, sjálfskipaður “King of Hay,” stofnandi fyrsta bókabæjarins í Hay-on-Wye á Englandi, en hann var staddur hér á Selfossi vegna „Bókabæjar-verkefnisins“. Verkefnið verður hluti af alþjóðlegu samstarfi Bókabæja sem starfa í 14 löndum. Á Safnahelgi 1.og 2. nóvember var ég með leiðsögn um sýninguna og þá komu margir en sýningunni lauk 5. nóvember.

Framhaldið með sýninguna verður það að hún verður sett upp í Landsbókasafninu seint í janúar eða snemma í febrúar. Henni verður þá komið fyrir í sal sem er fyrir framan Handritadeildina. Þarna verða þá sýndar allar bækurnar mínar, en í stað fornbóka sem ég fékk lánaðar úr einkasöfnum koma nú bækur frá Landsbókasafninu að mestu.

Nú ert þú mjög virkur á Facebook og gaman að fylgjast með þér þar, færðu einhver viðbrögð á færslurnar hjá þér?

Já, það voru nú oft ansi mikil viðbrögð og ég var eiginlega alveg hissa hvað fólk hafði mikinn áhuga á þessum gömlu bókum og pésum. Þetta varð til þess að ég fór að gera úr þessu bók. Páll sonur minn tók líka þátt í þessu og fékk strax áhuga á verkefninu, en ég fékk hann til að vinna að umbrotinu. Hann lagaði líka myndirnar mikið og leitaði að nýjum því það var stundum erfitt að fá góðar myndir.

Eru einhver fleiri verkefni á listanum hjá þér?

Já, það er alltaf nóg að gera. Ég er eiginlega dálítið ofvirkur. Er bæði í stjórn Listvinafélagsins í Hveragerði og í stjórn deildar Norræna félagsins þar. Þar er ýmislegt á döfinni. Svo sjáum við Ragna konan mín um Bókmenntahóp Félags eldri borgara í Hveragerði og höfum gert það frá 2007. Við hittumst alltaf á mánudögum milli kl. 10.00-12.00 og lesum upp úr bókum, sjálfvalið efni. Björg Einarsdóttir rithöfundur var með okkur í þessu fyrst, en nú er hún flutt í bæinn. Höfundar og efni hefur allt verið skráð frá byrjun inn í skjal sem geymt er á heimasíðu félagsins *www.hvera.net* og er það gert til þess að koma í veg fyrir að við lesum sama efnið tvisvar. - Þá er það Prentminjasafnið (gamalt áhugamál) Fyrst stofnaði ég Prentminjasafnshóp á Facebook. Hann óx ansi hratt. Svo vildi þannig til að ég var á bókaupplestri hjá henni Önnu í Konubókastofunni á Eyrarbakka í Rauða húsinu þar og þá kynnti hún mig fyrir eiganda hússins, Jóhanni Jónssyni. Hann á líka gamla frystihúsið þar, sem er ekki lengur starfrækt. En ég komst að því að hann hefur sama áhugamál og við að koma upp Prentminjasafni og það varð ekki aftur snúið. Núna er unnið að því að koma þar upp prentsögusetri á næstunni, og hefur undirbúningsnefnd verið stofnuð og stefnt er að því að hafa stofnfund á þessu ári.

Fyrir áhugasama þá má finna síðuna á Facebook.com/Prentminjasafn

Hluti bóka á sýningunni.

Morgunblaðið sigurvegari Knattspyrnumóts FBM 2014

Knattspyrnumót FBM var haldið laugardaginn 12. apríl sl. í Smáranum í Kópavogi. Fimm lið mættu til leiks og voru liðin skipuð 5 leikmönnum auk varamanna. Leiknir voru 10 mínútna leikir og léku allir við alla, tvöfalda umferð.

Morgunblaðið sigraði á mótinu með 20 stig af 24 mögulegum, en liðið skipuðu þeir í öðru sæti varð Vörumerking Samhentir með 15 stig og þriðja sæti Oddi pappír með 11 stig.

Dómari mótsins var Ómar Bruno Ólafsson og mótsnefnd skipuðu Georg Páll Skúlason, Oddgeir Þór Gunnarsson og Óskar R. Jakobsson.

Sigurlið Morgunblaðsins, Arnar Unnarsson, Erling Adolf Ágústsson, Orri Páll Ormarsson, Arnar Steinn Einarsson, Viðar Guðjónsson og Nökkvi Fjalar Orrason.

Vörumerking Samhentir varð í öðru sæti, en lið þeirra skipuðu þeir Hermann Ómarsson, Friðbjörn Ómarsson, Guðlaugur Karl Karlsson, Ragnar Lúðvík Rúnarsson og Bjarki Hrafn Axelsson. Á myndina vantar Pál Einarsson, Jóhann Inga Þorsteinsson, Piotr Karol Murawskiog Davíð Loga Gunnarsson

Oddi pappír, varð í þriðja sæti, en liðið skipuðu þeir Ferhat Morina, Sturla Reynisson, Agnar Helgason, Sebastian Zdunek, Ingólfur Magnússon, Stefán Hagalín, Jóhannes Geir, Flurim Shala og Sævar Ingólfsson.

Jólakaffi eldri félaga

Jólakaffi eldri félaga FBM var haldið sunnudaginn 7. desember sl. í Stórhöfða 27. Það var jólalegt um að litast og veðrið skartaði sínu fegursta. Um 50 félagsmenn og makar þeirra mættu og nutu veitinga og menningar en Jakob Viðar Guðmundsson prentsmiður og prentari spilaði jólalög og Stefán Pálsson sagnfræðingur kynnti bók sína um Bjórinn en jafnframt fjallaði hann um bókina Ð ævisaga sem kom út eftir hann fyrir tveimur árum. Stefán gerði þetta listilega vel og voru gestir mjög ánægðir með hans hlut en það var líkara leikþætti en upplestri hvernig hann gerði bókunum skil.

Jólaball FBM

Var haldið sunnudaginn 14. desember s.l. Leiksýningin um Björk bókaveru og Salvador var sýnd í upphafi og í framhaldinu var slegið upp jólaballi með undirspili og jólasveinum. Jakob Viðar Guðmundsson sá um undirspil og jólasveinar fóru á kostum. Öll börnin fengu svo jólapoka frá sveinka áður en þau héldu heim.

Dansað kringum jólatréð ásamt sveinka.

Jakob Viðar Guðmundsson.

Fjölskylduhátíð FBM og Miðdalsfélagsins í Miðdal

Fjölskylduhátíð FBM og Miðdalsfélagsins fór að venju fram um verslunarmannahelgina, eða laugardaginn 2. ágúst. Fjöldi gesta var samankominn á tjaldsvæðinu okkar í Miðdal til að taka þátt í hátíðinni og eiga saman skemmtilegan dag með fjölskyldunni.

Dagskráin var nokkuð hefðbundin og er hún aðallega sniðin að yngri kynslóðinni yfir daginn, leigður var hoppukastali, sem alltaf nýtur jafn mikilla vinsælda hjá krökkunum. Þá var keppt í hinum ýmsu þrautum, m.a. hinu árlega minigolfmóti, körfuhittni og að skjóta á handboltamark. Þá fór einnig fram hið sívinsæla reipitog milli mæðra og barna og oftast hafa nú börnin haft sigur í þeirri keppni og í ár varð engin breyting þar á.

Veitt voru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverri grein. Að dagskrá lokinni voru allir leystir út með Coke og Prins póló eins og hefur verið siður mörg undanfarin ár.

Um kvöldið stóð svo Miðdalsfélagið fyrir brennu að vanda sem brennukóngurinn Jón Hermannsson kveikti í með glæsibrag og skemmti fólk sér með söng og undirspil frá Jakobi Viðari Guðmundssyni fram eftir kvöldi.

Spennandi verðlaunaafhending.

Næsta fjölskylduhátíð félaganna verður svo laugardaginn 1. ágúst 2015.

Vinnudagurinn í Miðdal

Vinnudagur FBM og Miðdalsfélagsins var að þessu sinni laugardaginn 17. maí sl. Að venju mætti nokkur fjöldi við þjónustumiðstöðina, vopnaður klippum, skóflum, , sögum og öðru tilheyrandi til að sinna þeim verkefnum sem fyrir lágu. Allir fengu síðan úthlutað verkefnum við hæfi sem stjórn Miðdalsfélagsins stjórnaði af röggsemi. Eins og undanfarin ár var áhersla lögð á að klippa göngustíga, bera fúavörn á það sem þurfti og fleira, en án þessarar vinnu yrðu göngustígar sem liggja um svæðið löngu komnir á kaf í gróður, þar sem hann hefur vaxið gríðarlega undanfarin sumur, svo segja má að þetta sem mjög þarft verk ár hvert.

Að vinnu lokinni fór hver til síns heima en hittust svo á tjaldsvæðinu um kvöldið en þá er grillað eitthvað góðgæti í boði FBM og skemmt sér fram eftir kvöldi.

Kaffisopinn alltaf vel þeginn.

59,1% bókatitla prentað á Íslandi

Bókasamband Íslands gerði könnun á prentstað íslenskra bóka í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2014. Fjöldi titla prentaðir hér á landi eru 377, fækkar um 64 frá fyrra ári en sem hlutfall af heild dregst það lítillega saman milli ára 59,1% í ár en árið 2013 62,6%.

Heildarfjöldi prentaðra bókatitla er 638 í Bókatíðindunum en var 704 árið 2013 sem er um 10% fækkun titla.

Skoðað var hlutfall prentunar innanlands og erlendis eftir flokkum. Fram kemur að stór hluti barnabóka er prentaður erlendis m.a. vegna þess að samprent er algengt í útgáfu barnabóka.

Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru 172; 113 (66%) eru prentaðar á hér á landi og 59 (34%) erlendis.

Skáldverk, íslensk og þýdd, eru 170; 148 (87%) prentuð hér á landi og 22 (13%) erlendis.

Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru 107; 51 (48%) prentaðar hérlendis og 56 (52%) erlendis.

Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru 189; 65 (34%) prentaðar hér á landi og 124 (66%) erlendis.

Eftirfarandi listi sýnir fjölda bóka prentaðra og hlutfall af heild, jafnframt eru til samanburðar tölur fyrir árið 2013:

Árið 2014	Fjöldi titla	%
Ísland	377	59,1
Evrópa	146	22,9
Asía	115	18,0
Samtals	638	100

Árið 2013	Fjöldi titla	%
Ísland	441	62,6
Evrópa	137	19,5
Asía	126	17,9
Samtals	704	100





IPEX 2014

– ár litla mannsins

HRÖNN JÓNSDÓTTIR OG INGI RAFN ÓLAFSSON



IPEX var haldin í apríl mánuði 2014. Sýningin var talsvert minni en undanfarin ár. Athygli vakti að margir af stærri birgjum í prentiðnaði, HP, Heidelberg og fleiri létu ekki sjá sig. Megin þema þessarar sýningar var virðisaukning prentgripa. Hvernig gera mætti prentverkið verðmætara. Til dæmis voru alls kyns frágangstæki fyrir stafræna prentun kynnt.

Benny Landa stofnandi Indigo var í pallborði ásamt fleirum um stafræna prentun. Benny kynnti á Drupu 2012 Nanography sem hann segir að muni bylta prentheiminum. Framleiðsla á þessum vélum er ekki hafin. Stjórnborðið er 3 metra langur snertiskjár og á að vera mjög einfalt í notkun. Nanography byggir á bletspraututækni. Óhætt er að segja að hugmyndafræði Benny sé spennandi. Annað mál er hvort þessar vélar verði að veruleika. Hægt er að sjá nánar um þessa tækni á vefnum www.landanano.com

Xerox var að setja á markað mjög hraðvirkan breiðformats prentara, Wide Format IPJ 2000. Þarna er á ferðinni gríðarmikill hraði og prentar hann um 7m^2 á mínútu í lit.

Fujifilm kynnti stafrænar bleksprautuprentvélar. Fréttablað sýningarinnar var til dæmis prentað á eina af þessum vélum. Þar var prentað af rúllum og voru hraðinn og gæðin ótrúlega mikil. Notuð var Jet Press 540W. Þessi vél er ætluð sem samkeppni við smærri upplaga offsetprentun. Hægt er að prenta beggja vegna á streng sem getur að hámarki verið 54.3 cm.

Eins og áður var getið var talsvert af frágangstækjum við stóru starfrænu tækin. Til dæmis voru stönsunartæki og lausnir á upphleypingu og annars konar stælum. Sölupunkturinn var aftur sá að þarna væri á ferðinni prentverk sem væri verðmætara en annað. Notaðir eru eiginleikar stafrænnar prentunar þar sem hver hlutur getur verið einstakur. Xerox persónumerkti konfektkassa og fleira í þeim dúr. Birgjar lögðu mikla áherslu á að þarna væru tekjumöguleikar. Segja má að prentfyrirtækin þurfi að sjá sig meira í ráðgjafahlutverki fremur en framleiðslu. Flest þessara fyrirtækja eru að veita einhverja þjónustu sem önnur prentfyrirtæki veita ekki. Einn fyrirlesarinn sagði eftirminnilega bæði hvað fyrirtæki og starfsmenn áhrærir „þú stjórnar ekki framtíðinni en ræður hvað þú gerir."

www.fbm.is

Minnum á orlofshúsavef félagsins

www.orlof.is/fbm

Félagsmenn geta skoðað laus hús, pantað og gengið frá greiðslu með kreditkorti. Aðeins virkir félagsmenn FBM hafa aðgang að síðunni. Kennitala félagsmannsins er notendanafn og við fyrstu innskráningu velur félagsmaður sér lykilorð.

Við hverja vetrarleigu minnkar punktainneign um 2 punkta.

VETRARLEIGA ORLOFSHÚSA FBM

Verð sem tekur gildi 5. janúar 2015:

MIÐDALUR

Nýtt hús 2015: Vikuleiga 28.000, helgarleiga 19.000 kr., aukanótt 3.000 kr.
Nýja húsið verður sett inn á vefinn í byrjun janúar.

Hús 1: Vikuleiga 24.500 kr., helgarleiga 16.500 kr., aukanótt 3.000 kr.

Hús 2: Vikuleiga 23.500 kr., helgarleiga 15.500 kr., aukanótt 3.000 kr.

Hús 7: Vikuleiga 23.500 kr., helgarleiga 15.500 kr., aukanótt 3.000 kr.

Hús 6: Vikuleiga 19.000 kr., helgarleiga 12.000 kr., aukanótt 3.000 kr.

ÖLFUSBORGIR

Hús nr. 13: Vikuleiga 22.000 kr., helgarleiga 14.500 kr., aukanótt 3.000 kr.

AKUREYRI

Furulundur 8T og 8p: Vikuleiga 21.000 kr., helgarleiga 13.500 kr., aukanótt 3.000 kr.

REYKJAVÍK

Ljósheimar 10: Vikuleiga 24.500 kr., helgarleiga 16.500 kr., aukanótt 3.000 kr.

ILLUGASTAÐIR

Vikuleiga 21.000 kr., helgarleiga 13.500 kr., aukanótt 3.000 kr.

Rekstrarfélag Illugastaða annast útleigu að vetri til og skal hafa
samband við starfsmenn á staðnum varðandi leigu.
Sími á Illugastöðum 462 6199

Minnst er hægt að leigja tvær nætur í orlofshúsi eða íbúð.

Nánari upplýsingar er að fá á skrifstofu félagsins í síma 552 8755
og á heimasíðu félagsins www.fbm.is

Verðlaunakrossgáta

						SPERRA	RISPAN	ÞRÁ		SKRAF / VAXA		MISSERI / SNÍKILL		NÚNA
					DERRINN									
					VOÐI / DROPA			KLÓR / TEMUR						
									SKARKALI / SKREF					
					STRUNSA						TÍMABIL / HLJÓÐFÆRI			
					BETL					ÓSKAÐI / ÖGN				VERKFÆRI
					KÓF		BIRTA / HUGGA					LÍKUM	HORFÐU	
		BLEKKING		ÞUKL / PLAN				RUGLA / LISTI						
ÚTBÍA						Í RÖÐ / HRUMUR			ARABÍSKUR FURSTI / HEITI					
NESODDI			EINELTI / EINING							BEYGUR / RISI				
FLASKA / ÁSKOTNAST					MÆLI-EINING / LJÁ						TVEIR EINS / VEIÐI			FRÁSÖGN
		LIÐORMUR / HIMNESKA VERU					FRAM-VEGIS / SPERGILL						FÖNN	
FORAÐ				PÚKA / ALKYRRÐ				ÖXULENDI / STRÁKUR				ÁTT / ANGAN		
FYRIR						SIÐLEYSI / FYRIR HÖND								
			BÓT / KRAFSA						BLÓM / GERIR VIÐ					
TIF					DJAMM / STARA					TVEIR EINS	ELDSNEYTI / LAMPI			NÝLEGA
HVERJUM EINASTA / PÍLA						KLIFUN / SAUÐA-ÞARI						SLÁ / ÞJÓFNAÐUR		
		ÓLESANDI / Í RÖÐ					KVÍÐI / TVEIR EINS						MUN	
LÍK				SKJÁLFA						FÚSKA				
	BERG-TEGUND							ÝLDA						

Nafn: _____ Sími: _____

Heimili: _____ Netfang: _____

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin eru 1. verðlaun 20.000 kr. 2. verðlaun helgardvöl að eigin vali í orlofshúsum FBM í vetur, gildir til 31.5. 2015.

Lausn sendist til: Félag bókagerðarmanna, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík. Svar þarf að berast fyrir 23. janúar n.k. Dregið verður úr réttum lausnum.

Hlutverk sjúkrasjóðs er að tryggja sjóðfélögum lágmarkstekjur ef tekjumissir verður vegna sjúkdóma eða slysa, taka þátt í útfararkostnaði og stuðla að forvarnarstarfi í heilsuvernd. Þegar greiðsluskyldu atvinnurekanda lýkur í veikindum starfsmanns getur löglegur og skuldlaus félagsmaður sótt skriflega um styrk til sjóðsins.

Sjúkradagpeningar

Sjúkraþjálfun – endurhæfing

Göngugreining

Hjartavernd

Krabbameinsleit

Kostnaðarsamar læknisaðgerðir

Dánarbætur

Veikindi barna

Heilsurækt

Gleraugu

Sálfræðiaðstoð

Glasafrjóvgun

Ferðastyrkur

Áfengis- og vímuefnameðferðir

Veikindi maka

fbm.is

félag bókagerðarmanna

Á skáldaslóðir

Stefán Ólafsson, myndir Matthildur Þórarinsdóttir og fleiri

Hin árlega skemmtiferð eldri félaga FBM og maka þeirra var farin fimmtudaginn 14. ágúst 2014. Lagt var í hann frá Umferðarmiðstöðinni í Vatnsmýrinni á fögrum sólardegi kl. 9. Að venju var fararskjótinn frá Sæmundi í Borgarnesi og að sjálfsögðu var meistarinn sjálfur undir stýri. Fyrsti áfangastaður var Hernámssetrið í Hvalfirði og nú skyldi ekið fyrir fjörðinn eins og tíðkaðist lengst af og þar var slíkt Drottins dýrðar koppalogn að Sæmundur mundi vart eftir að hafa séð fjörðinn svo spegilsléttan og einhver sagði að sigla hefði mátt yfir fjörðinn á emeleruðu vaskafati.

Í endurminningunni er fjörðurinn ógnarlangur, en er þó ekki „nema“ um 30 km, en hvergi var staðnæmst og ekið greitt um Kjósina, Hvammsvík og eyðibýlið Hvítanes, fátt er þar sem minnir á þá ógnarlegu sögu sem ein helsta flotabækistöð Breta í seinni heimsstyrjöldinni geymir. Áfram brunað fyrir Brynjudal og Botnsdal og augum gjóað í átt að Glym, sem með sína nálega 200 metra er hæsti foss landsins, og að Hvalfelli, en ofan við það er Hvalvatn, næstdýpsta vatn landsins, 160 m. Nú taka við söguslóðir Harðarsögu, Þyrill, Helguskarð og Geirshólmi og þá virtum við Hvalstöðina ekki heldur viðlits, enda sjálfsagt öll komið þar margoft.

Á árum áður áðu flestir í bensínstöðinni á Miðsandi en nú er ekkert þar að hafa. Í landi Miðsands og Litlasands var áður gífurleg eldsneytisbirgðastöð Bandaríkjamanna og síðar NATO og á stríðsárunum var þar einnig birgðastöð vegna skipaviðgerða. Á Miðsandi eru einhverjar heillegustu minjar styrjaldarinnar á landinu og m.a. einstætt safn þeirra braggategunda sem herlið bandamanna reisti. Þeim hefur verið vel við haldið enda í fullri notkun þar til nýlega.

Hernámssetrið

Guðjón Sigmundsson, Gaui litli, staðarhaldari Hernámssetursins á Hlöðum hefur safnað munum og myndum sem tengjast sögu og menningu þeirra atburða sem urðu á árunum 1940 til 1945 og reyndar lengur. Sjón er sögu ríkari.

Bretar hernámu landið 10. maí 1940 og sendu hingað um 28 þúsund manna setulið síðsumars, í júlí 1941 tóku Bandaríkjamenn við og þegar mest lét var hér tæplega 40 þúsund manna varnarlið frá þeim víðs vegar um landið. Þar að auki voru liðsmenn bandaríska og breska flotans og flughersins, alls nærri 50 þúsund, sumarið 1943. Bara í Hvalfirði voru meira en 20 þúsund dátar þegar mest var. Til samanburðar má nefna að árið 1940 voru íbúar Reykjavíkur um 38 þúsund.

Vegna mikilla umsvifa Breta og Bandaríkjamanna í Hvalfirði eru ýmsar minjar um veru þeirra víðs vegar við fjörðinn. Í Hvítanesi eru, ef að er gáð, leifar flotastöðvar Breta og þar var hafskipabryggja úr stáli og önnur smærri steinbryggja og heilt þorp íbúðarbragga og vöruskemma auk nokkurra hlaðinna steinhúsa. Þar var vatnsveita, rafstöð, kyndistöð og gatnakerfi með lýsingu. Í Hvammsvík og nágrenni voru vöruskemmur og

Staðarhaldarinn, Guðjón Sigmundsson, fræðir gesti um tilurð Hernámssetursins og muni og myndir sem hann hefur safnað af mikilli elju.

skotfærageymslur og fjöldi íbúðarbragga. Braggahverfi voru í Dalsminni, Útskálahamri, á Hálsnesi, Þyrilsnesi, Hrafneyri, að Klafastöðum og Gröf.

Í Hvalfirði lá oft ótölulegur fjöldi skipa á kaupskipalæginu utan Hvammsvíkur og á móts við Ferstiklu og herskipalæginu í firðinum. Þar voru iðulega stærstu herskip veraldar sem veittu skipalestunum vernd gegn orrustuskipum þýska flotans. Um borð í þessum skipum öllum voru þúsundir manna hvaðanæva úr heiminum og allt of margir þeirra snéru ekki heim að stríðinu loknu.

Eftir fróðleik, góðan beina og tilheyrandi klósettferðir var smalað í rútu og nú skyldi ekið um blómlegar sveitir Borgarfjarðar í Reykholt en þar beið okkar hádegisverður og meiri fróðleikur. Nú hafði vindur aukist og sólin var að mestu hulin skýjum og fjörðurinn eins og hann á að sér.

Andans snillingar

Er við nálguðumst hádegisverðinn í Reykholti ókum við framhjá brugghúsinu Steðja sem svo mjög komst í hámæli þegar þar var bruggaður „hvalabjór.“ Hvellurinn sem af því hlaust og deilurnar komu Steðja á kortið í orðsins fyllstu merkingu og þangað streymir landinn í skoðunarferðir og bjórinn selst sem aldrei fyrr. Fokdýr auglýsingaherferð hefði ekki skilað meiri árangri.

Síðan var ekið um byggðahverfið á Kleppjárnsreykjum í Reykholtsdal, þar er mikill jarðhiti, margir stórir og vatnsmiklir hverir og að sjálfsögðu eru þar garðyrkjustöðvar. Kleppjárn var karlmannsnafn til forna, en lagðist af af ókunnum ástæðum. Þarna bjuggu orðhagir andans snillingar á síðari hluta síðustu aldar. Elstur var Guðmundur Gíslason Hagalín, blaðamaður, ritstjóri, kennari, bókavörður og rithöfundur. Hann reisti sér og seinni konu sinni Unni Aradóttur hús á Kleppjárnsreykjum sem þau nefndu að Mýrum og þangað

Á sviðinu eru m.a. einkennisbúningar, vopn og munir sem sendiráð og yfirvöld Rússlands hafa fært setrinu.

fluttu þau 1965 og bjuggu þar síðan. Þar gat Hagalín loks síðustu 20 æviárin helgað sig ritstörfum og Unnur lesið prófarkir að bókum bónda síns.

Jónas Árnason blaðamaður, kennari, rithöfundur og stjórnmálamaður gerðist kennari í Reykholti haustið 1965 og flutti þangað með Guðrúnu sinni Jónsdóttur og börnum þeirra. Fáir hafa ort jafn léttilega um ástina sína:

Hver gengur þarna eftir Austurstræti
og ilmar eins og vorsins blóm,
með djarfan svip og ögn af yfirlæti
á ótrúlega rauðum skóm?
Ó, það er stúlka engum öðrum lík
það er hún fröken Reykjavík,
sem gengur þarna eftir Austurstræti
á ótrúlega rauðum skóm.
Og því er eins og hafi vaxið vorsins blóm
á stræti.

Ólafur Hannesson fræðir Sæmund Árnason, Jónu Gretu Sigurjónsdóttur, Atla Helgason og Örlyg Sigurbjörnsson um sýningargripi.

Þessu til sönnunar benti mágkona hans mér á að Guðrún hefði afgreitt í skóverslun við Bankastræti þegar þau Jónas voru í tilhugalífinu og þaðan væru rauðu skórnir ættaðir.

Jónas var hár maður og myndarlegur á velli og alla jafna í svo vönduðum fötum að ætla mátti að maðurinn sæti í Lávarðadeild í Lundúnum en ekki við Austurvöll, en; „Hann ók um á druslum af hinu fjölbreytilegasta tagi. Merkust þeirra gekk undir nafninu Þrumuvagninn í pólitíkinni á Vesturlandi, en bifreið þessi var svo hávær að sagt var að þegar Jónas æki upp Bröttubrekku á leið í Dali heyrðu framsóknarmenn á Fellsströnd hávaðann og færu á taugum."

Yngstur snillinganna var svo Flosi Ólafsson, leikari, leikstjóri, rithöfundur, hestaræktandi og uppistandari sem flutti okkur bókagerðarmönnum svo eftirminnilegan pistil í Borgarleikhúsinu 4. apríl 1997 um það hvernig bókin hélt lífi í forfeðrum okkar er þeir marineruðu skinnhandrit í mýrarrauðu og gengu á þar til þau urðu meyr og lystugri til átu á þrengingartímum.

Alltaf man ég ástin mín
upphafskynnin ljúfu
þau voru einsog sólarsýn
í suddaveðri hrjúfu.

Æ hvað ég var ungur þá
óvaxinn úr grasi
þú varst yngri, björt á brá
og barnaleg í fasi.

Alltaf hef ég óskað mér
ávöxt þessa fundar
að fá að hvíla í faðmi þér
fram til hinstu stundar.

Orti Flosi um konu sína, Lilju Margeirsdóttur, þau fluttu að Bergi 1989, sem hann æ síðan ýmist nefndi Stóra Aðal Berg eða Stóra Mikla Aðalberg.

Á slóðum Snorra

En áfram var haldið, rakleitt heim á hlað á Fosshóteli Reykholt. Þar biðu okkar enda hlaðin veisluborð.

Héraðsskóli var reistur 1931 og setur svip sinn á staðinn, en Reykholt er einnig ákaflega fallegur kirkjustaður, og þar standa tvær slíkar. Gamla kirkjan var reist 1887, hún var tekin úr notkun árið 1996. Nýja kirkjan, sem hefur afburða hljómburð og er eftirsótt til tónleikahalds, var vígð á Ólafsmessu á sumar, 28. júlí 1996. Þar er einnig Snorrastofa, safn tileinkað Snorra Sturlusyni og fræðasetur.

Óskar Guðmundsson fræðimaður og rithöfundur er höfundur ævisögu Snorra og hann fræddi okkur um staðinn og Snorra.

Snorri Sturluson fæddist í Hvammi í Dölum 1178 og var veginn í Reykholti 1241. Hann var stjórnmálamaður, fræðimaður og eitt víðfrægasta skáld Íslendinga og verk hans eru einhver merkustu rit Evrópskra bókmennta á miðöldum. Hér verður ekki fjölyrt um ævi Snorra en hann var auðugur goðorðsmaður og fór með mikil völd í landinu í sinni tíð. Hann gerðist léns-

Gamla kirkjan í Reykholti sem tekin var úr notkun 1996.

maður Hákonar Noregskonungs og dróst inn í deilur konungs og Skúla jarls sem áttu eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar. Hákon fékk Gissur Þorvaldsson til þess að hafa uppi á Snorra og drepa hann. Gissur hélt með sjö tugi manna að Reykholti og kom þangað um nótt 23. september 1241.

Í Sturlungu segir: „Eftir það urðu þeir varir við hvar Snorri var og gengu þeir í kjallarann Markús Marðarson, Símon knútur, Árni beiskur, Þorsteinn Guðinason, Þórarinn Ásgrímsson. Símon knútur bað Árna höggva hann.

„Eigi skal höggva," sagði Snorri.

„Högg þú," sagði Símon.

„Eigi skal höggva," sagði Snorri.

Eftir það veitti Árni honum banasár og báðir þeir Þorsteinn unnu á honum."

Þvínæst brugðum við okkur í Snorrastofu, en þar er nýuppsett ákaflega lifandi og fróðleg sýning.

En nú skyldi brunað að Hraunfossum sem er ein allra fegursta náttúruperla landsins, ótal fossar spretta þar undan Hallmundarhrauni (Gráhrauni) og falla í Hvítá. Góður göngustígur er frá bílastæðinu að útsýnispalli og þaðan sjást fossarnir vel og að Barnafossi í Hvítá.

Í Heiðarvíga sögu heitir fossinn í Hvítá reyndar Bjarnafoss og í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir að steinbogi af náttúrunnar hendi hafi áður fyrr þjónað sem brú yfir Hvítá. En á jólum, endur fyrir löngu, hélt heimilisfólk í Hraunsási til kirkju á Gilsbakka í Hvítársíðu, sem er bær hinum megin við fossinn. Tveir ungir strákar voru skildir eftir á Hraunsási. Þeim leiddist og veittu heimilisfólkinu eftirför. Er þeir komu á steinbogann litu þeir niður, misstu jafnvægið og féllu í ána. Eftir það lét húsfrúin að Hraunsási höggva bogann niður. Síðan heitir fossinn Barnafoss.

Heim á leið um Borgarnes

Frá Hraunfossum tók Sæmundur stefnuna á Borgarnes, ekki skyldi lengra haldið. Fyrst ókum við gegnt Hvítársíðu og sumarhúsabyggðin þar umvafin trjágróðri minnir um margt á Miðdal, og framhjá kirkjustaðnum Gilsbakka sem nefndur er í þjóðsögunni og við hann er kennd Gilsbakkaþula sem enn er sungin um jól.

Á Kirkjuboli í Hvítársíðu bjó Guðmundur Böðvarsson, eitt af stórskáldum aldarinnar sem leið. Sigurður Nordal sagði hann „ . . . sameina það að vera algjörlega heimamenntaður uppi í sveit og verða um leið heimsborgari í hugsun og formi!" Guðmundur fór í fyrsta sinn til útlanda í apríl 1953 og frá Helsinki sendir hann Ingu sinni (Ingibjörgu Sigurðardóttur) bréfmiða: „Ég var hálfpartinn andvaka í nótt og hugurinn hjá þér." Hinum megin á miðanum er kvæðið Til Ingu:

Í norðrinu liggur mitt land undir hækkandi sól
langt bak við höf og ský,
- ef til vill er snjóskaflinn horfinn úr bæjarhól
og hlaðvarpinn grænn á ný.

Og ljósnóttin flýtir för sinni heim á leið
til fundar við þetta land.
Í bláskuggans mistri sofa Selfjall og Skeið
við sævarins perluband

og álftirnar hverfa við himin í langri röð
að háfjallavatnsins strönd.
En heima er svolítið gullregn með grænkandi blöð
sem grær undir þinni hönd.

Svo veit ég í kvöld, þegar væng sínum undurhljótt
fer vorið um dal minn og fjörð,
að þú ert mitt vor, að þú ert hin ljósa nótt,
og þú ert mín fósturjörð.

Í Hótel Borgarnesi beið kaffiborðið okkar og ekkert skorti þar á veitingarnar frekar en endranær. Sæmundur renndi um plássið og sýndi okkur þróun byggðar á nesinu og ný hús sem bíða kaupenda í röðum, óseld. Í Brákey hefur hann aðstöðu fyrir bílaflota sinn og þar eru einnig fornir fákar Fornbílafjelags Borgarfjarðar. Úr eynni var kúrsinn tekinn á höfuðborgina og við brunuðum undir úfinn Hvalfjörð og hvergi staðnæmst fyrr en í Umferðarmiðstöð.

Þaðan héldu ferðalangar ánægðir heim og eru eflaust farnir að hlakka til næstu ferðar. Takk fyrir mig.

Heimildir Morgunblaðið, Skáldið sem sólin kyssti, e. Silju Aðalsteinsdóttur, o.fl.

Atli Helgason, Þórir Svansson, Viðar Janusson og Stefán Ólafsson glaðir í bragði í sólskininu á hlaði gamla félagsheimilisins að Hlöðum í Hvalfirði.

Horfðu björtum augum fram á veginn

Sameinaði lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi og öfluga upplýsingagjöf sem tryggir þér auðvelda og skýra yfirsýn yfir öll þín lífeyrismál.

Vefurinn okkar, lifeyrir.is, er aðgengilegur og notendavænn bæði fyrir sjóðfélaga og launagreiðendur.

Á lifeyrir.is

- sérðu stöðu lífeyrisréttinda og séreignar
- finnur þú ítarlegar upplýsingar um rekstur sjóðsins
- geturðu kynnt þér fjárfestingarstefnu og eignir sjóðsins
- geta launagreiðendur skilað iðgjaldaskilagreinum á einfaldan og öruggan hátt og myndað kröfu í netbanka sínum

Kynntu þér málin á lifeyrir.is eða fáðu upplýsingar hjá starfsfólki í síma 510 5000.

Sundagörðum 2 / 104 Reykjavík / 510 5000 / lifeyrir.is

Sameinaði lífeyrissjóðurinn
lifeyrir.is

ENNEMM / SÍA • NM63366